

COPY	D	C	B	A	Einkunn:
<b>TEXTI:</b> Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær.	Nær ekki hæfni C	Orðaforði einfaldur en þó þannig að efnið kemst til skila. Erfitt að ná samhengi á milli efnisgreina og textans í heild.	Frágangur texta er góður og lesandi á auðvelt með að komast klakklaust í gegnum textann. Orðalag og þýðingar við hæfi texta.	Framúrskarandi fjölbreytni í orðavali. Flæði ritgerðar mjög gott og lesandi hrifst með skrifunum.	
<b>MÁLFRÆÐI/STAFSETNING:</b> Beitt reglum um réttitun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.	Nær ekki hæfni C	Texti er einfaldur en þó þannig að nemandinn getur gert sig skiljanlegan í gegnum allt verkefnið. Málfræði og stafsetning ábótavant.	Stafsetning og málfar er gott og lítið um villur.	Framúrskarandi kunnátta í stafsetningu og málfræði. Setningaskipan afar góð.	
<b>SKIPULAG:</b> Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.	Nær ekki hæfni C	Frágangur og uppsetning þarfnast mikilla úrbóta.  Vantar heila efnisgrein í 5 efnisgreina ritgerð.	Skipulag er gott, efnisgreinar vel mótaðar og efninu skipt þannig að samhengi er gott.	Farið er eftir <i>öllum</i> reglum um uppsetningu og frágang (lengd efnisgreina og fjöldi allt á réttum stað o.s.frv.)	
<b>TEXTI:</b> Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.	Nær ekki hæfni C	Of langur texti, of mikið af smáatriðum. Greint frá atriðum sem ekki var minnst á í ritgerðinni sjálfri. Vantar eitthvað/allt af eftirfarandi: kjarnasetning, aðalatriði, lokasetning	Hnitmiðaður texti: kjarnasetning, aðalatriði, lokasetning	Mjög hnitmiðaður texti: kjarnasetning, aðalatriði, lokasetning. Gott flæði og skýrleiki.	
<b>STAFSETNING:</b> Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.	Nær ekki hæfni C	Mikið af villum, ekki notast við villuforrit. Erfitt að ná samhengi vegna fjölda villna.	Stafsetning og málfræði er góð og lítið um villur. Notast greinilega við villuforrit.	Framúrskarandi notkun á orðaforða. Engar stafsetninga- eða málfarsvillur.	
<b>HEIMILDIR OG TILVÍSANIR:</b> Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.	Nær ekki hæfni C  <i>Ef upp kemst um ritstuld.</i>	Heimildir ekki góðar. Tilvisanir að nokkru leyti í lagi en þarfnast úrbóta. Heimildaskrá þarfnast úrbóta.	<u>Heimildir</u> eru vel unnar, vísað er í allar heimildir og heimildaskrá sett upp samkvæmt reglum.	Farið er vel með allar heimildir. Framúrskarandi notkun á tilvisunum og heimildaskrá.	
<b>FRÁGANGUR OG UPPSETNING:</b> Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.	Nær ekki hæfni C	Frágangur og uppsetning þarfnast mikilla úrbóta.	Frágangur og uppsetning ritgerðar er góð og farið er eftir flestum reglum sem settar voru fram í handbókum.	Farið er eftir <i>öllum</i> reglum um uppsetningu og frágang í handbókum.	